

Söfn um íslenska menningu

Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru varðveitt frumgögn um íslenska menningu:

- miðaldahandrit og handrit seinni alda
- skjöl og fornbréf
- bréf og skrár um örnefni og orðfræði
- ítarleg stafræn orðasöfn
- hljóðritað þjóðfræðaeefni

Opinn aðgangur

Frumgögn stofnunarinnar eru að miklu leyti aðgengileg í gegnum heimasíðu stofnunarinnar, www.arnastofnun.is, og á vefnum www.handrit.is. Hægt er að skoða myndir af handritum, hlusta á sögur og kveðskap og fletta upp í gögnum um orð og örnefni.

Rannsóknir og nýsköpun

Á Árnastofnun er unnið að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum. Einnig eru gögn stofnunarinnar notuð á sviði menningarmiðlunar, lista, menningartengdrar ferðaþjónustu og upplýsingatækni svo að fátt eitt sé nefnt.



Handritasýning stofnunarinnar.

Íslensk fræði og skyldar greinar eru eflid með rannsóknum, útgáfu, fræðslu og safnastarfi.



Miðlun og samstarf

Árnastofnun gefur út fræðirit, texta, orðasöfn, handbækur og tvö ritrýnd tímarit, Griplu og Orð og tungu. Starfsmenn svara fyrirspurnum frá almenningi, halda fyrirlestra, skipuleggja sýningar og sjá um námskeið. Náð samstarf er við Háskóla Íslands og aðrar rannsóknar- og menningarstofnanir um víða veröld, við aðra fræðimenn um ný orðasöfn í sérgreinum og við fyrirtæki á sviði útgáfu, upplýsingatækni, menningarmiðlunar, landupplýsinga, kortagerðar og ferðaþjónustu.

Íslenska í alþjóðlegu samhengi

Árnastofnun er alþjóðleg miðstöð íslenskra fræða, hefur umsjón með íslenskukennslu við háskóla erlendis, styrkjum til erlendra stúdenta í íslensku og stendur fyrir námskeiðum í íslensku og handritafræðum. Á stofnuninni er stutt við hið fjölþjóðlega samfélag fræðimanna, stúdenta og þýðenda sem hafa áhuga á íslenskum fræðum, máli og menningu.

Frumgögn stofnunarinnar og rannsóknarbókasafn laða að sér innlenda jafnt sem erlenda gesti sem fá þar tímabundna vinnuaðstöðu.

Handritið hennar Dóru systur

AM 436 12mo er með smærri handritum í safni Árna Magnússonar; 93 blöð skrifuð með einni hendi á sautjándu öld. Í handritinu er m.a. ágríp um lækningar og sköpun barnsins í móðurkviði. Einnig hvernig nýta má lauk, einiber, baldursbrár, súru, næpu, blóðberg, vallhumal, hvannarót og fleira til ýmiss konar gagns.

Handrit mánaðarins – www.arnastofnun.is

Hjaltagat

Örnefni eru oftast nær af jarðneskum toga enda varla hægt að ímynda sér margt sem rótbindur manninn fastar við landið sitt en nöfnin í umhverfinu. Eitt er þó það örnefni á Íslandi sem er himneskt og enginn hefur nokkru sinni fest hönd á.

Örnefni mánaðarins – www.arnastofnun.is

Kærleikur

Í könnun um hvert væri falletasta orð málsins kom fram að flestir nefndu orðið kærleikur en ljósmóðir var einnig oft nefnt. Nokkrar umræður urðu um þessi orð og var að því fundið að kærleikur væri erlent orð, tókuorð, í íslensku. Hins vegar kemur orðið kærleikur þegar fyrir í fornu máli í Íslendingasögum og konungasögum.

Orð vikunnar – www.arnastofnun.is

Málfarsráðgjöf

Stofnunin svarar fyrirspurnum um íslenskt mál og málnotkun og veitir ráð og leiðbeiningar um málfarsleg efni.

www.arnastofnun.is

Íslenskunám á Netinu

Icelandic Online er vefnámskeið í íslensku sem öðru máli fyrir byrjendur og lengra komna. Aðgangur er ókeypis.

www.arnastofnun.is

Ísliskan vekur áhuga.





Skarabók Jónsbókar, skrifuð og lýst um 1363.

STOFNUN ÁRNAS MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eflir íslensk fræði með rannsóknnum, útgáfu, fræðslu og safnastarfi á sviðum handritafræða, miðaldafræða, bókmennta, sagnfræði, þjóðfræða, málfræði, máltileinkunar, nafnfræði, orðabókarfræði, iðorðastarfs, málræktar og menningar.

Handritin og UNESCO

Handritasafn Árna Magnússonar geymir ómetanlegar heimildir um sögu og menningu Evrópu á miðöldum og um landnám manna við Norður-Atlantshaf. Íslendingasögurnar og eddukvæðin, sem aðeins eru varðveitt í íslenskum handritum, eru oft nefnd sem merkasta framlag norrænna þjóða til heimsbókmenntanna. Í handritasafninu eru um þrjú þúsund handrit auk fjölda skjala sem snerta sögu Íslands.

Eftir lát Árna árið 1730 var safn hans varðveitt í Danmörku en frá 1971 hefur því verið skipt á milli Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn og Árnastofnunar í Reykjavík. Hinn 31. júlí 2009 var handritasafnið sett á varðveisluskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, Minni heimsins (Memory of the World Register).

Heimasíðan – Upplýsingaveita

www.arnastofnun.is

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Skrifstofa Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík

Sími 525 4010 – Bréfasími 525 4035 – arnastofnun@hi.is



Oddi er styrktaraðili Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum